

Verklag þegar niðurstöðu vistunarmats er vísað til Landlæknisembættisins

Landlæknir getur hvorki úrskurðað né breytt ákvörðun vistunarmatsnefnda, en hann getur beint tilmælum til þeirra og gefið umsögn.

Þegar einstaklingur er ósáttur við niðurstöðu eða framgang vistunarmats **er eðlilegt að hann leiti fyrst til viðkomandi vistunarmatsnefndar**, óski skýringar og/eða komi með nýjar upplýsingar ef það á við og þannig er leitast við að leysa málið.

Verklag

Vísað er til 3. mgr. 11 gr. reglugerðar nr. 1000/2008: „Ef hlutaðeigandi einstaklingur sættir sig ekki við framgang vistunarmatsins eða niðurstöðu þess getur hann vísað málinu til umsagnar landlæknis.”

